

Reykjavík 12. febrúar 2020

**Efni:** Umsögn IOGT á Íslandi um „frumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabuggun til einkaneyslu)“. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 48 — 48. mál.“<sup>[1]</sup>

**IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi** og bendir á að samþykkt þess muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla áfengis veldur. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni og er ávanabindandi fíkniefni og eiturlyf. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur. Í flestum löndum eru takmarkanir á því hver má kaupa og hver má selja áfengi. Slíkar takmarkanir byggjast á samfélagsþýðing sem lýtur að heilsu, öryggi og almennri reglu.<sup>[2]</sup>

Bindindissamtökin IOGT vinna mikið með almenningi í grasrótarstarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Frumvarp þetta er í algærri mótsögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.<sup>[3][4]</sup> Frumvarpið vinnur gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna, kvenna, jafnréttis og ofbeldis<sup>[5][6]</sup> ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna<sup>[7]</sup> sem er hluti íslenskra laga. Allir stjórnáráðgjafar segja að þeir ætla að standa við þann samning. Stjórnarskrá Íslands er skýr hvað varðar að vernda ber börn gegn gríðarlega freklegum ágangi áfengisöndunarins.<sup>[42]</sup>

Ef frumvarpið yrði að lögum og leyfilegt yrði að brugga heima eða framleiða áfengi til einkaneyslu. Hvort sem er með eftirliti eða án, vinnur það á móti þeirri grundvallarsýn að áfengi sé engin venjuleg neysluvara. Skilgreiningin er mjög skýr í allri framsetningu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).<sup>[8]</sup>

Það er stefna alþjóðasamfélagsins að draga úr notkun áfengis til að auka lýðheilsu og sjálfbærni. Allir ráðamenn ættu að taka virkari þátt í að koma sterkari böndum á alla þætti áfengisöndunarins; innflutning, framleiðsla, sölu, dreifingu og markaðsvæðingu áfengra drykkja og tryggja eftirlit með þeim.<sup>[9]</sup>

Sagan er okkur í fersku minni og hefur kennt okkur margt. Áfengisneysla hefur í gegnum tíðina verið mismikil, oft nánast engin og ber ráðamönnum að kynna sér þá sögu, sérstaklega þeir sem halda að áfengi sé órjúfanlegur hluti af okkar menningu. Fyrir 20 árum var hér á landi faraldur unglingsdrykkju. Með samhentum átaki tókst okkur að snúa þeirri þróun við. Óheft og eftirlitslaus heimabuggun áfengis er til þess fallin að grafa undan þeim góða árangri sem náðst hefur í forvörnum. Mörg ríki heims líta til okkar í þeim málum og er módelið okkar kennt í að minnsta kosti 25 evrópulöndum.<sup>[10]</sup>

Með samþykkt frumvarpsins er opnað á aukið aðgengi að áfengi og þar af leiðandi aukna neyslu og aukinn vanda vegna áfengisneyslu. Í frumvarpinu eru engar takmarkanir á styrkleika þess áfengis nema eimun, sem heimilt yrði að framleiða án leyfa og eftirlits. Meðal annars með verðstýringu hafa íslensk stjórnvöld dregið úr neyslu sterks áfengis með góðum árangri.<sup>[11]</sup> Skaðsemi áfengis minnkar ekki við að heimila eftirlitslausa framleiðslu þess heldur eykur neyslu og eykur líkurnar að ungmenni komist í áfengi. Allar tilslakanir á lögum tengdum áfengisneyslu leiða til aukinnar heildarneyslu áfengis sem eru í andstöðu við skýra stefnu stjórnvalda á Íslandi og heimsvísu.<sup>[12]</sup> innslag með [Katrínu Jakobsdóttur](#) í UN mínúta 32

Í fyrri umsögnum IOGT á Íslandi sem lesa má á vef alþingis, hafa komið fram margar traustar heimildir sem eru gefnar út á ábyrgð viðurkenndra stofnana, innlendra og alþjóðlegra um vandann sem neysla áfengis veldur. Af þeim er ljóst að vandinn vegna neyslu áfengis er gífurlegur og mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess að halda honum í skefjum. Umfram allt eru þær þó staðfesting og áminning um að áfengi er engin venjuleg neysluvara og eðlilegt að um hana gildi um margt annað fyrirkomulag og reglur en aðrar vörur. Við hvetjum þá sem vilja breytingar að kynna sér gögnin.

Hér bætum við þó við nokkrum ábendingum:

Árlega er gefin út af IOGT-NTO og the Swedish Society of Medicine rannsóknarskýrslan „Áfengi og samfélagið“ (Alcohol and Society – a Research Report). Hver skýrsla skoðar afmarkað svið neikvæðra afleiðinga áfengisneyslu og fylgja hér nokkur dæmi:<sup>[13]</sup>

Árið 2020 var lögð áhersla á tengsl áfengisneyslu, meðgöngu og ungabarna. Fjallað er um samfélagslega ábyrgð að styðja við vímulaust umhverfi í tengslum við meðgönguna, brjóstgjöf og umönnun.<sup>[14]</sup> á sænsku <sup>[15]</sup> á ensku

Árið 2019 var lögð áhersla á tengsl áfengisneyslu og eldra fólks. Fjallað er um aukna neyslu eldra fólks og skaðsemi henni tengdri. Áfengisneysla með lyfjagjöf vegna aldurstengdra sjúkdóma og minni mótstöðu gegn veikindum. <sup>[16] á sænsku [17] á ensku</sup>

Árið 2017/2018 var lögð áhersla á tengsl áfengisneyslu og ofbeldis. Fjallað er um áhrif ofbeldis tengt áfengisneyslu og áhrif þess á heilsuna. Bent er á leiðir til að draga úr ofbeldi og er takmörkun á aðgengi snar þáttur í því. <sup>[18] á sænsku [19] á ensku</sup>

Árið 2016 var áhersla lögð á *krabbamein*. Þar kemur m.a. fram að níu tegundir krabbameina eru sterklega orsakatengd áfengisneyslu og í Svíþjóð eru 4,5% krabbameinsdauðsfalla tengd áfengi. Og 30% krabbameinstífella tengd áfengi eru tengd lítilli eða miðlungs neyslu. Ekki var fjallað um aðra sjúkdóma tengdum áfengi eins og geðsjúkdóma. <sup>[20] á sænsku [21] á ensku</sup>

Árið 2015 var áhersla lögð á *óbein áhrif* áfengisneyslunnar þar sem kom sterkt fram að neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar er mikið samfélagsmein. <sup>[22] á sænsku [23] á ensku</sup>

Árið 2014 var áhersla lögð á skaðsemi *höfðrykkju* og sýnt fram á miklu meira tjón af slíkri drykkju en áður var talið. <sup>[24] á sænsku [25] á ensku</sup>

Árið 2013 var áherslan lögð á áfengisneyslu *ungmenna*. Þar má sjá að neyslan er enn of mikil sem og skaðsemin. Niðurstaðan er að mikilvægt sé að viðhalda einkaleyfi ríkis á áfengissölu, ströngum lögum varðandi ölvunarakstur og háum skatti á áfengi. <sup>[26] á sænsku [27] á ensku</sup>

Prófessor Tim Stockwell kom til landsins í september 2017, hélt ráðstefnu í Háskóla Íslands og átti fund með fulltrúum IOGT á Íslandi og stjórnvöldum ásamt fulltrúa Lanlæknisembættisins. Tim sagði á ráðstefnunni að flest ríki heims ásamt alþjóðastofnunum ynnu að bættu lýðheilsu og sjálfbærnimarkmiðum og munu allar tilslakanir á áfengislöggjöfinni væri óheillaskref sem hefði óafturkræf áhrif á einstaklinga og íslenskt samfélag. <sup>[28]</sup>

Sterk tengsl eru milli áfengisneyslu og kynbundins ofbeldis. Í samþykktu þingsályktun<sup>[29]</sup> um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019 er grein um samstarfsverkefni þriggja ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi. Markmið verkefnisins verði að bæta samvinnu og verklag við ofbeldisforvarnir og að styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála. Auk samvinnu milli stofnana verði rík áhersla lögð á samvinnu við frjáls félagsamtök til að auka fræðslu- og forvarnastarf sem byggist á rannsóknnum og faglegri þekkingu.

Samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu á Íslandi hefur verið reiknaður út í meistararitgerð Ara Matthíassonar 2010 en þar skiptir hann kostnaði í beinan og óbeinan kostnað og er útkoman 50 – 80 milljarðar á ári. <sup>[30]</sup> Reiknað upp til ársins 2019 eru efri mörkin nú yfir 110 milljarðar. Þessi upphæð eykst í samhengi við aukna neyslu ef frumvarp þetta verður samþykkt.

Ísland er aðili að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. <sup>[31]</sup> Ljóst er að áfengisneysla hefur neikvæð áhrif og hindrar að minnsta kosti 14 af 17 markmiðunum og 54 af 169 undirmarkmiðum. Þetta frumvarp sem yrði til þess að auka áfengisneyslu er í hrópanði ósamræmi við gildandi samþykktir þar um. <sup>[32]</sup> Alþjóðahreyfing IOGT hefur sett saman nýja útgáfu af upplýsingariti um hvernig áfengi hefur áhrif á markmiðin og vinnur gegn sjálfbærniþróun í heiminum. <sup>[33]</sup> Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að áfengi er stór þáttur í ósmítnæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr áfengisneyslu. <sup>[34]</sup>

Í skýrslu velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. <sup>[35]</sup> kemur skýrt fram „Stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og þar með ofbeldi sem tengist henni. Áhrifaríkustu forvarnir eru verðstýring og takmarkað aðgengi að áfengi.“

Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra 2018 um biðlista á Vogu frá Sigurði Páli Jónssyni <sup>[36]</sup> svaraði heilbrigðisráðherra þá því að á biðlista séu 570 á Vogu, 20 á Landsspítala og 50 á Hlaðgerðarkoti. Sá fjöldi hefur aukist. <sup>[37]</sup> Hér er ekki rædd staða á börnum og ungmennum sem fá aðstoð annarsstaðar. Á árinu 2018 fékk SÁÁ 840 milljónir. <sup>[38]</sup> Í frétt frá SÁÁ kom fram að það dugði ekki einu sinni fyrir launakostnaði. <sup>[39]</sup> Ljóst er að með því að auka aðgengi og leyfa heimabugg aukast neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar. Það vinnur gegn lýðheilsu markmiðum. Ekki má gleyma að hér er um manneskjur að ræða. <sup>[40]</sup>

Í gegnum tíðina hafa orðið mistök við heimaframleiðslu áfengis og neysla þeirra afurða haft skelfilegar afleiðingar. Embætti Landlæknis gaf út í febrúar 2018 Talnabrunn <sup>[41]</sup> þar sem kemur fram að skaðlegt neyslumynstur sé árið 2017 hjá 40.000 körlum og 33.000 konum. Hér er mæld skaðleg neysla samkvæmt skilgreindum mælikvarða. Æ fleiri nýjar rannsóknir benda til þess að hvers kyns neysla sé skaðleg að einhverju leyti sbr. hjarta, æðarsjúkdómar og krabbamein.

**IOGT á Íslandi** er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki áfengi, kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi og er það markmið IOGT að draga sem mest úr neikvæðum afleiðingum neyslu áfengis og annarra vímuefna. Við teljum að áfengis og vímuvarnastefnan á hverjum tíma eigi að þjóna heildarhagsmunum samfélagsins og byggja á traustum rannsóknum. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Kostnaðurinn við að hefja aðgang að áfengi er lítill miðað við þann kostnað sem hlýst af neyslu. Áfengis og vímuefnastefna okkar er sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Ef áfengisíðnaðinum tekst að veikja hana á Íslandi mun hann nota það til að veikja forvarnir í öðrum löndum.

## Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Biörn Sævar Einarsson Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

- [1] <https://www.althingi.is/altext/150/s/0048.html>
- [2] [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi\\_engin\\_venjuleg.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf)
- [3] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skvrsalur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>
- [4] <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>
- [5] <https://www.althingi.is/altext/149/s/1749.html>
- [6] [https://www.mbl.is/frettir/erlent/2019/09/28/barattan\\_bvriar\\_hja\\_okkur\\_sialfum/?fbclid=IwAR1dbpP7cfvA8vueE9wkNlgHqsDziOJe4qn8k3rBmEI92PflkhsBvsr19Y4](https://www.mbl.is/frettir/erlent/2019/09/28/barattan_bvriar_hja_okkur_sialfum/?fbclid=IwAR1dbpP7cfvA8vueE9wkNlgHqsDziOJe4qn8k3rBmEI92PflkhsBvsr19Y4)
- [7] <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- [8] <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs349/en/>
- [9] [https://www.who.int/substance\\_abuse/publications/global\\_alcohol\\_report/en/](https://www.who.int/substance_abuse/publications/global_alcohol_report/en/)
- [10] <https://www.dv.is/frettir/2020/01/28/islenska-forvarnarmodelid-vekur-heimsathvgli-adrar-thjodir-taka-upp-somu-adferdafraedi/>
- [11] [https://atvr.overcastcdn.com/documents/Arsskvrsla\\_ATVR\\_2018.pdf](https://atvr.overcastcdn.com/documents/Arsskvrsla_ATVR_2018.pdf)
- [12] [http://webtv.un.org/search/2019-high-level-political-forum-on-sustainable-development-hlpf-2019-16th-meeting/6059942198001/?term=2019-07-16&sort=date&page=2&fbclid=IwAR0IguDLSu98v9S05\\_Wz6fxRpwOsk1FONO10JbHq-BM\\_iPZiU-OvdthqH5s](http://webtv.un.org/search/2019-high-level-political-forum-on-sustainable-development-hlpf-2019-16th-meeting/6059942198001/?term=2019-07-16&sort=date&page=2&fbclid=IwAR0IguDLSu98v9S05_Wz6fxRpwOsk1FONO10JbHq-BM_iPZiU-OvdthqH5s)
- [13] <https://www.iogt.se/vad-vi-gor/forskning-och-samverkan/>
- [14] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2020/02/alkohol-graviditet\\_alkoholen-och-samhallet-2020\\_rapport\\_sv.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2020/02/alkohol-graviditet_alkoholen-och-samhallet-2020_rapport_sv.pdf)
- [15] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2020/02/alkohol-pregnancy\\_alcohol-and-societv-2020\\_report\\_en.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2020/02/alkohol-pregnancy_alcohol-and-societv-2020_report_en.pdf)
- [16] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/11/alkohol-och-ldre\\_alkoholen-och-samhallet-2019\\_rapport\\_sv.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/11/alkohol-och-ldre_alkoholen-och-samhallet-2019_rapport_sv.pdf)
- [17] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkohol-and-older-people\\_alcohol-and-societv-2019-report-en.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkohol-and-older-people_alcohol-and-societv-2019-report-en.pdf)
- [18] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/11/alkohol-och-vld\\_alkoholen-och-samhallet-2017\\_rapport\\_sv.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/11/alkohol-och-vld_alkoholen-och-samhallet-2017_rapport_sv.pdf)
- [19] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkohol-and-violence\\_alcohol-and-societv-2017-report-en.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkohol-and-violence_alcohol-and-societv-2017-report-en.pdf)
- [20] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/11/alkohol-och-cancer\\_alkoholen-och-samhallet-2016\\_rapport\\_sv.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/11/alkohol-och-cancer_alkoholen-och-samhallet-2016_rapport_sv.pdf)
- [21] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkohol-and-cancer\\_alcohol-and-societv-2016-report-en.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkohol-and-cancer_alcohol-and-societv-2016-report-en.pdf)
- [22] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkoholens-andrahandsskador\\_alkoholen-och-samhallet-2015-rapport-sv.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/alkoholens-andrahandsskador_alkoholen-och-samhallet-2015-rapport-sv.pdf)
- [23] [https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/second-hand-effects-of-alcohol-consumption\\_alcohol-and-societv-2015-report-en.pdf](https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/second-hand-effects-of-alcohol-consumption_alcohol-and-societv-2015-report-en.pdf)
- [24] <https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/effekter-av-lagdoskonsumtion-av-alkohol-alkoholen-och-samhallet-2014-rapport-sv.pdf>
- [25] <https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/effekter-av-lagdoskonsumtion-av-alkohol-alkoholen-och-samhallet-2014-rapport-en.pdf>
- [26] <https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/ungdomar-och-unga-vuxna-alkoholen-och-samhallet-2013-rapport-sv.pdf>
- [27] <https://www.iogt.se.cdn.triggerfish.cloud/uploads/2019/12/youth-and-young-adults-alcohol-and-societv-report-en.pdf>
- [28] <http://iogt.is/2019/03/22/hver-er-avinningur-rikisreksturs-a-smasolu-afengis-i-svithjod-fvriir-lydheilsu-og-almannaheill/>
- [29] <http://www.althingi.is/altext/145/s/1640.html>
- [30] <https://saa.is/wp-content/uploads/2015/03/ritgerd-ara-matthiassonar.pdf>
- [31] <https://www.heimsmarkmidin.is/>
- [32] <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- [33] [https://movendi.ngo/wp-content/uploads/2019/12/Alcohol-and-SDGs-2019\\_final.pdf](https://movendi.ngo/wp-content/uploads/2019/12/Alcohol-and-SDGs-2019_final.pdf)
- [34] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>
- [35] <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1214.pdf>
- [36] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0172.html>
- [37] <https://saa.is/svo-thad-se-nu-sagt/?fbclid=IwAR2kndDuHYK6C0OVsmVBnORK5OqVizAGn-5NFZ1mGvohqke-v92k9fVi9SE>
- [38] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0300.html>
- [39] <https://saa.is/grein/framlog-rikisins-duga-ekki-fvriir-launum/>
- [40] <https://archive.unric.org/is/frettir/27157-aeins-sjoetti-hver-fikill-hefur-aegang-ae-meeferu>
- [41] <https://www.landlaeknir.is/utgefing-efni/skjal/item34462/>
- [41] [https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html?fbclid=IwAR2p1dzKDLwEd0yop2OhuncmSJNWgtf5iJsvhaBLRrXzxx\\_g0b10db4uxT0](https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html?fbclid=IwAR2p1dzKDLwEd0yop2OhuncmSJNWgtf5iJsvhaBLRrXzxx_g0b10db4uxT0)